

Nr. 32/1900:

Páll Markússon
 gegn
 verzlunarstjóra Eggert Laxdal
 fyrir hönd Gudmann's Efterfól-
 ers verzlunar.

Úrskurður:

Af stefnda hálfu hafa andsvör að sinni að eins verið gefin um formhlið málsins og hefir málfærslumaður hans hér fyrir réttinum krafist frávísunar málsins fyrir þá sök, að stefnda sé í áfrýjunarstefnunni að eins stefnt til þess að heyra sókn, bera fram vörn og þola dóm o. s. frv. í málinu, en eigi til þess að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð né til að hlýða á réttarkröfur áfrýjanda, enda kveðst hann eigi hafa mætt fyrir yfirdóminum til þessa, sem síðar var talið.

Það leiðir þó af sjálfu sér, að þar sem stefnt er til að heyra sókn, þá hlaut stefndi að vita, að því var óhjákvæmilega samfara í yfirdómi framlagning skjala og skilríkja, eins og einnig réttarkröfur eru sjálfsagður hluti sóknar í máli. Frávísunarkrafa stefnda er því ástæðulaus með öllu og verður henni eigi sint. En stefnda verður, samkvæmt varakröfu hans, veittur frestur til næsta réttardags til andsvara um aðalefni málsins.

Fyrir því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður eigi tekin til greina, en honum veitist frestur til andsvara um aðalefni málsins til næsta réttardags.